

Ljós, myndavél, þJÓNUSTA!

Að vera heima kom ekki í veg fyrir að þær þjónuðu.

Sandra Edwards
(Byggt á sannri sögu)

Antonella og Mariana nutu þess að fara í kirkju í hverri viku. Nú gátu þær hins vegar ekki farið í kirkju í eigin persónu vegna Kóvid-19 heimsfaraldursins. Þær voru með Barnafélagsbekk á netinu, en það var bara ekki það sama.

Antonella og Mariana söknuðu þess að fara í Barnafélagið í eigin persónu. Fyrir ári hafði fjölskylda þeirra flutt frá Síle til Kanada. Faraldurinn gerði þeim erfitt að eignast nýja vini. Þær söknuðu þess að geta lært um ritningarsögur með hinum krökkunum. Þær söknuðu þess líka að hafa spænskukennslu eins og þær gerðu í Síle.

Dag einn, eftir að hafa haldið kirkju heima, leituðu Antonella og Mariana á netinu að einhverju til að hjálpa þeim að læra *Kom, fylg mér*.

„Ég vildi að við gætum fundið fleiri myndbönd á spænsku,“ sagði Antonella. Hún varð hugsi eitt augnablik. Hún fékk þá góða hugmynd. „Við gætum búið til eigin myndbönd fyrir *Kom, fylg mér* í hverri viku.“

„Já, við gætum gert þau á spænsku!“ sagði Mariana. „Þá gætum við deilt þeim með öðrum krökkum líka.“

Mamma og pabbi sögðust geta hjálpað. Öll fjölskyldan varð spennt!

Fyrst las fjölskyldan ritningarnar fyrir lexíu vikunnar. Stelpurnar ráðgerðu hvað þær hugðust fjalla um. Þær hófust síðan handa við að búa til myndböndin. Antonella og Mariana skiptust á við að taka sig upp er þær töluðu um sögur í Mormónsbók. Í lok hvers myndbands sagði önnur þeirra frá einhverju sem þær lærðu af lexíunni. Mamma og pabbi hjálpuðu þeim síðan að gera myndbandið hæft til að setja á netið.



Í fyrstu vissu þær ekki alltaf hvað þær áttu að segja. Það hjálpaði þeim þó að lesa ritningarnar og læra meira um lexíurnar.

Einn sunnudaginn sátu Antonella og Mariana framán tölvuna í Barnafélagsbekk sínum. Lexía vikunnar fjallaði um stríðsmennina ungu í Mormónsbók. „Hvers vegna fóru ungu stríðsmennirnir til að berjast? spurði kennarinn þeirra.“

Mariana opnaði fyrir hljóðnemann þeirra. „Ég veit það!“ hún sagði. Hún og Antonella höfðu gert myndband um þá sögu í síðustu viku. „Feður þeirra höfðu lofað Guði að þeir myndu ekki berjast, svo synirnir fóru í staðinn.“

Antonella kinkaði kolli. „Mæður þeirra kenndu þeim að ef þeir hefðu trú myndi Guð varðveita þá.“ Hún brosti til Mariönnu. Það var gaman að læra saman ritningarnar.

Við kvöldmatarborðið spurði Mamma: „Hvernig var Barnafélagið?“

„Gott!“ sagði Antonella. „Að búa til myndböndin, hefur hjálpað mér að læra miklu meira um ritningarnar.“

„Ég líka!“ sagði Mariana. „Ég get svarað mörgum spurningum í Barnafélaginu. Við þekkjum ritningarsögurnar betur.“

„Ég er ánægður með að myndböndin hafa hjálpað ykkur,“ sagði pabbi. „Ég held að þau hafi líka hjálpað mörgum öðrum!“

„Það er rétt,“ sagði mamma. „Að deila því sem þið hafið lært og hvað ykkur finnst um fagnaðarerindið, er frábær leið til að þjóna!“

Mariana brosti. „Mér finnst gott að við getum þjónað á þennan hátt,“ sagði hún. Hún sneri sér síðan að Antonellu. „Við skulum byrja að ráðgera myndbandið fyrir næstu viku!“ ●

Þessi saga gerðist í Kanada.